



Reykjavík 13. mars 2017

Akraneskaupstaður
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akraneskaupstaður



Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
0.8	ahj	15. MRZ. 2017
Ábm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
STA	STA	1703025

Efni: Fyrirspurn um sölu lands.

Vísað er til bréfs Akraneskaupstaðar dags. 6. mars sl. þar sem erindi LIBRA lögmannna er framsent Faxaflóahöfnum sf., en erindi LIBRA var sent Akraneskaupstað og dagsett 14. 2.2017. Fyrirspurnin lýtur að sölu Faxaflóahafna sf. á landi í Geldinganesi og Gufunesi í byrjun árs 2015. Hér að neðan fara svör við þeim spurningum sem settar eru fram í erindi LIBRA lögmannna:


- Hvernig var söluverð framangreindra eigna ákvæðað?

Umrætt land seldi Reykjavíkurborg Reykjavíkurhöfn árið 1997 til sérgreindrar starfsemi þ.e. hafnarstarfsemi. Við sameiningu hafna í Faxaflóahafnir sf. var hætt við hafnargerð í Geldinganesi, Gufunesi og Eiðsvík. Því lá beint við að selja Reykjavíkurborg aftur umrætt land, enda ekki hlutverk Faxaflóahafna sf. að þróa land til annars en atvinnu- og hafnarstarfsemi. Til hliðsjónar var annars vegar söluverð landsins til Reykjavíkurhafnar og hins vegar mat og samningar um kaup borgar á landi í Skammadal og mat efnahags- og fjármálaráðuneytisins og Grindavíkur á 70 ha. lands í Grindavík árið 2015. Nokkur atriði skiptu að auki máli í þessu sambandi:

 - Engin áform eru um landnýtingu á Geldinganesi á næstu árum og landið skilgreint sem grænt svæði án vega- og veitutenginga. Eignarhluti Faxaflóahafna sf. var allt að 70 ha., en endanleg stærð átti að ráðast af framtíðarskipulagi hafnarsvæðis.
 - Í Gufunesi er fyrirhuguð þróun lands, en ljóst að sú landþróun er mjög kostnaðarsöm vegna þeirra eigna sem á lóðinni eru, en Reykjavíkurborg keypti eignir í Gufunesi fyrir allmörgum árum.
 - Umrætt land í Geldinganesi og Gufunesi skilaði Faxaflóahöfnum óverulegum leigutekjum.
 - Í þeim samningum sem gerðir voru er gert ráð fyrir heimild Faxaflóahafna sf. til að nýta allt að 200.000 m³ úr grjótnámi verði efnisvinnsla heimiluð í Geldinganesi á næstu 20 árum. Þau verðmæti eru skilyrt en bætast við söluverð eignanna ef til efnisvinnslu kemur. Verð þess réttar má skilyrtan meta á um 80 - 100 mkr.
 - Ef söluverð var ákvæðað eftir verðmati löggilts fasteignasala þá er óskað eftir afriti af því verðmati.
- Verðmat löggilts fasteignasala lá ekki fyrir.**
- Hvert var bókfært virði ofangreindra eigna hjá Faxaflóahöfnum við söluna?
Eignirnar voru ekki bókfærðar á ákveðnu verði í efnahagsrekningi Faxaflóahafna sf., en tekjur af sölunni færðar sem óreglulegar tekjur.
 - Voru eignirnar boðnar til sölu í opnu söluferli og ef svarið er nei þá er óskað eftir upplýsingum um af hverju það var ekki gert.
Nei. Sjá svar undir 1. tl.
 - Hverjir innan stjórnar Faxaflóahafna sf. tóku ákvörðun um sölu á framangreindum eignum til Reykjavíkurborgar?
Sjá 6. tölulið fundargerðar Faxaflóahafna sf. dags. 13. febrúar 2015 (<http://www.faxafloahafnir.is/129-fundur/>) og 9.tl. fundargerðar Faxaflóahafna sf. frá 8. maí 2015 (<http://www.faxafloahafnir.is/132-fundur/>)



6. Ef fulltrúi Akraneskaupstaðar í stjórn Faxaflóahafna sf. greiddi atkvæði með sölu eignanna þá er óskað eftir upplýsingum um það hvort málið hafi áður verið rætt í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar.
Faxaflóahafnir sf. hafa engar upplýsingar um efnið aðrar en að fulltrúi Akraneskaupstaðar sat hjá við afgreiðslu málsins.
7. Viku fulltrúar Reykjavíkurborgar í stjórn Faxaflóahafna sf. af fundi þegar tekin var ákvörðun um sölu á framangreindum eignum til borgarinnar?
Nei.

Virðingarfyllst,

Gísli Gíslason, hafnarstjóri